



Borgarráð

Reykjavík, 16. september 2024
MSS24090075

Starfshópur um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkumaraþons

Hjálagt erindisbréf starfshóps um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkumaraþons er lagt fram til kynningar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkumaraþons.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkumaraþons

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Menningarnótt er afmælishátíð Reykjavíkurborgar, hátíðin er alltaf haldin fyrsta laugardag eftir 18. ágúst en þann dag árið 1786 fékk Reykjavíkurborg kaupstaðarréttindi. Menningarnótt var haldin í fyrsta sinn árið 1996 og hefur frá upphafi skipað mikilvægan sess í viðburðahaldi í borginni þar sem listafólk, íbúar og rekstraraðilar fá tækifæri til að bjóða til veislu í miðborginni. Menningarnótt hefur haft mikið aðdráttarafl og yfirleitt farið vel fram. Mikil áhersla hefur ávallt verið lögð á að Menningarnótt sé fjölskylduhátíð og fjölskyldur hvattar til að njóta alls sem hún hefur að bjóða og að fara svo heim saman eftir að dagskrá lýkur. Undanfarin ár hefur hins vegar borið á því að sífellt fleiri ungmenni eru í miðborginni þennan dag án eftirlits og þá hefur áfengisdrykkja ungmenna einnig færst í aukanna. Reykjavíkumaraþon var stofnað 1984 en hefur frá 2003 verið í umsjón Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR). Reykjavíkumaraþon hefur vaxið gríðarlega að umfangi, í fyrsta hlaupinu voru 214 skráðir þátttakendur en í ár voru þeir 14.646.

Þessir tveir risa viðburðir hafa dregið að mikinn fjölda fólks í miðborginni. Um leið og talsverð samlegðaráhrif eru af þessum tveimur viðburðum eru merki um að þeir eru farnir að skarast því Menningarnótt er farin að hefjast fyrr á sama tíma og aukin þátttaka í Reykjavíkumaraþoni veldur því að sértækar lokanir standa lengur yfir en áður sem bæði krefst mikils eftirlits frá viðbragðsaðilum og hefur áhrif á umferð og aðgengi.

Full ástæða er til að endurskoða skipulagningu beggja viðburða í ljósi þess álags sem það hefur á viðbragðsaðila og starfsfólk borgarinnar að sinna öryggi og eftirliti á tveimur flóknum borgarviðburðum sama sólarhringinn. Þá er nauðsynlegt að fara ofan í skipulag Menningarnætur þar sem hugað verður að því að hún örugg fjölskylduhátíð.

Hlutverk:

Að endurskoða skipulag hátíðahalda í miðborg Reykjavíkur fyrsta laugardag eftir 18. ágúst, afmælisdag Reykjavíkurborgar. Greina fyrirkomulag og vinnu í tengslum við stóran íþróttaviðburð og stærstu menningarhátíð landsins. Koma með kostnaðarmetnar tillögur um breytt fyrirkomulag og greina kosti og galla við þær.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Greina vinnu starfsfólks Reykjavíkurborgar og helstu samstarfsaðila í tengslum við viðburðahald á Menningarnótt og Reykjavíkumaraþon.
- Fara yfir skipulag og dagskrá Menningarnætur og leggja til breytingar ef við á.
- Greina kosti og galla við að halda þessar tvær stóru hátíðir sama dag.





- Skoða breytingar á hátíðum og stilla upp öðrum tillögum um fyrirkomulag hátíðahaldanna ásamt greiningu á kostum og göllum.

Starfshópin skipta:

- Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, samskiptastjóri, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, formaður
- Arnfríður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarborgar, menningar- og íþróttasviði
- Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi, velferðarsviði
- Hafsteinn Viktorsson, deildarstjóri, umhverfis- og skipulagssviði
- Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístunda, skóla- og frístundasviði
- Frímenn Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur
- Ásgeir Þór Ásgeirsson, aðstoðarlögrelustjóri, Lögrelunni á höfuðborgarsvæðinu
- Brynjar Þór Friðriksson, deildarstjóri, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Björg Jónsdóttir, deildarstjóri viðburða skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok árs 2024.

Reykjavík, [Dags.]

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri